



MÁNUDAGUR 31. DESEMBER 2018

Gleðilegt ár



Undursamlegar flugeldasýningar eru haldnar víða í heiminum. Upplifunin af því að horfa á þessar listasýningar á himninum er mögnuð. Nokkrar flugeldasýningar eru taldar bera af. ➔4

ENZYMEDICA.
Acid Soothe
 Logar þú
 að innan?


Berglind Festival var tekin fyrir í Áramótaskaupinu í fyrra en á ekki von á að það verði endurtekið. Hún hlakkar til nýrrar vinnu eftir áramót. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Flippuð og fyndin

Berglind Pétursdóttir sem nefnir sig Festival hefur vakið athygli fyrir skemmtileg innskot í þáttum Gísla Marteins Baldurssonar. Hún lætur sér fátt óviðkomandi og reynir að sjá veröldina með gleðina að leiðarljósi. ➔2

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Framhald af forsiðu →

Berglind þarf ekkert að hugsa sig lengi um þegar hún er spurð hvort eitthvað sé sérstaklega minnisstætt frá árinu sem er að líða. „Árið 2017 ferðaðist ég óvenju lítið og hét sjálfri mér að bæta úr því á árinu 2018. Ég stóð við það og fór nokkrar ferðir, meðal annars til Lundúna, Berlínar og Kaupmannahafnar. Ég fór til dæmis í eina ferð til Köben til að taka upp fyrir sjónvarpsþáttinn og það var virkilega skemmtileg áskorun. Ég var í íslenska þjóðbúningnum á Strikinu. Eftirminni- legust er ferð til Japans með vinkonu minni. Það var stórkostlegt að koma þangað og ég á örugglega eftir að fara aftur. Við fórum til Tókýó, Osaka og Kýótó. Maturinn var einstakur og það er alltaf hollt fyrir mann að sjá hve lítill maður er í stóra samhenginu en í Japan er allt svakalega stórt og mikil mannmörgð. Við bjuggum á litlum hylkjahótelum sem var ágætt en rúmin voru oft ansi hörð. Stundum færðum við okkur á teppalagt gólfíð sem var mýkra en dýnan og við sváfum betur þar,“ útskýrir Berglind.

Búddar og góða skapið

Klósettmenning er sérstök í Japan þar sem á flestum stöðum eru fullkomin salerni með mörgum stillingum. Berglind segist ekki hafa lært á takkana en henni var góðfúslega bent á að fólk færi á inniskóm inn á baðherbergið. Inniskór eru í boði fyrir gesti á hótélum. „Þetta var fyrsta ferðin mín til Asíu og ég vonast til að komast aftur á nýju ári. Eitt búddahof á dag kemur skapinu í lag, sögðum við stundum,“ segir hún. „Við vinkonurnar verðum báðar þrítugar snemma á næsta ári og vonumst til að fá ferðapening í afmælisgjöf,“ segir Berglind en hún er móðir sjö ára drengs sem heitir Kári Halldórsson. Faðir hans er Halldór Halldórsson, Dóri DNA, en Berglind segir að Kári sé afar sáttur við að sjá báða foreldra sína reglulega á skjánum.

Í ballett frá unga aldri

Þótt Berglind virðist hafa ágætis leikarahæfileika hefur hún aldrei lært leiklist né starfað sem slík. Hún er lærdur listdansari og æfði dans frá fjögurra ára aldri. „Móðursystir mín er María Gísladóttir ballerína sem var vel þekkt hér á landi og erlendis á sínum tíma. Hún hafði mikil áhrif á mig eins og aðrar ungar stúlkur,“ segir Berglind sem hóf ballettnám aðeins fjögurra ára.

María bjó lengi í Berlín þar sem hún var dansari við Deutsche Oper-Berlin. Hún starfaði fyrir nokkur fleiri óperuhús í Þýskalandi en einnig í New York og Los Angeles. Í dag kennir hún ballett hér á landi.

Berglind lærði samtímadans í Listaháskóla Íslands og útskrifaðist þaðan 2011. „Ég vann sem dansari í tæp tvö ár en fór þá í auglýsingabransann. Hef unnið sem hugmyndasmiður og textagerðarmaður. Ég byrja reyndar í nýrri vinnu hjá markaðsdeild Símans eftir áramótin og hlakka mikið til. Þótt örlögin hafi hagað því þannig að ég hætti að dansa hef ég alltaf verið viðloðandi bransann. Ég sat í stjórn Reykjavík Dans Festival og einnig í Grímunefnd fyrir hönd íslenskra listdansara. Allar mínar bestu vinkonur eru dansarar og ég held góðu sambandi við þær. Líf mitt hefur að stóru leyti snúist um dansinn en sem barn ætlaði ég mér frekar að verða lækni, leikari eða lögfræðingur,“ segir hún.

Með Gísla Marteini

„Ég vann upphaflega við undirbúning á þætti Gísla Marteins, meðal annars við að fá skemmtilegt fólk í þáttinn en hlutverk mitt óx talsvert á síðasta ári þegar innskot mín urðu stærri,“ segir Berglind en þetta er fjórða árið sem hún vinnur með Gísla Marteini. „Þetta hefur verið lærdómsríkt, krefjandi og ekki síst skemmtilegt starf. Mér liður aldrei eins og ég sé í vinnunni. Þættirnir verða áfram í vetur og hefjast í febrúar. Í upphafi hafði Gísli samband við mig og spurði hvort ég vissi um einhvern sem gæti verið með honum í ritstjórn þáttarins. Ég var í annarri vinnu og benti honum á nokkra. Á endanum var það ég sem tók starfið að mér og var í fyrstu bara á bakvið tjöldin. Svo fór þetta að vaxa í höndunum á mér,“ segir Berglind sem er í rauninni komin með eigin þátt inni í þáttum Gísla. „Við erum lítið teymi bak við þáttinn sem þarf að vera með puttann á púlsinum og finna áhuga-vert fólk. Sjálf reyni ég að komast í Spaugstofugírinn þegar kveikt er á myndavélinni þótt ég sé ekki alltaf í djókinu. Vissulega þarf maður þó að vera á léttu nótnum,“ segir Berglind sem hefur sett upp nokkrar danssýningar í gegnum árin, meðal annars í Tjarnarbiói og Kassanum í Þjóðleikhúsinu.

Tekin fyrir í Skaupinu

Berglind hefur ekki leikið í Áramótaskaupi Sjónvarpsins en í fyrsta var hún tekin fyrir sem flippuð og fyndin. Það var Anna Svava Knútsdóttir sem brá sér í gervi hennar með góðum árangri. „Mér fannst það mikill heidur,“ segir Berglind en á ekki von á að verða tekin fyrir aftur. „Ég sé Rögnu Fossberg læðast



Berglind ferðaðist mikið á árinu sem er að líða og langar til að gera meira af því á nýju ári. MYND/SIGTRYGGUR ARI

um með svart/hvíta hárkollu og grunaði þá að hverju stefndi. Ég átti síðan skemmtilega stund með fjölskyldu minni og Áramótaskaupinu á gamlárskvöld í fyrsta.“

Þegar Berglind er spurð hvort henni finnst eitthvað virkilega fúlt sem gerðist á árinu er hún fljót að svara. „Já, mér fannst þetta Klausturmál alveg hræðilegt. Það er líklega minnisstæðast og stendur upp úr. Aftur á móti man ég ekki eftir neinu sem mér fannst sérstaklega ánægjulegt nema þegar kemur að einkalífni. Ég keypti mér íbúð á árinu sem ég er mjög ánægð með. Það var þriðja íbúðin mín. Ég hef verið dugleg að flytja síðustu ár,“ segir Berglind en vill ekki víðurkenna að einhver kæra sé í kortunum. „Ég má ekkert vera að svoléiðis,“ segir hún.

Berglind ætlar að halda áramótin með fjölskyldu sinni. „Við borðum kalkún og svo horfum við á Skaupið. Ef einhver býður mér í gott parti gæti ég verið til í það. Sonur minn skiptist á að vera hjá föður sínum og mér á jólam og áramótum. Eftir áramótin mæti ég í nýja vinnu og ætla að halda áfram að hafa það gott. Ég vona að allir reyni að verða betri útgáfa af sjálfum sér á komandi ári. Svo er betra að vara sig á upptökuþækjum á almannafæri,“ segir Berglind Festival.



Berglind ferðaðist til Japans með vinkonu sinni á árinu og upplifði skemmtilega tíma. Þangað langar hana aftur.



Í japanskri verslun en þær eru sumar óvenjulegar.



Berglind heimsótti Kýótó, Osaka og Tókýó í ferðalagi sínu til Japans.

„Doktor.is er ætlað að auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum og ráðgjöf um heilsu, lífsstíl og forvarnir,“

Teitur Guðmundsson, lækni og ritstjóri doktor.is



Doktor.is

Ráðgjöf



Fræðsla



Forvarnir

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir, solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5769 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

Útgefandi: Aþyrðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


Óskum landsmönnum gleðilegs árs og farsældar á nýju ári





Flugldar lýsa upp heiminn

Undursamlegar flugeldasýningar eru haldnar víða í heiminum. Það getur verið mögnuð upplifun að horfa á þessar listasýningar á himninum. Nokkrar flugeldasýningar eru taldar bera af og hér skal nefna nokkrar þeirra.



Dúbaí

Heimsmetið fyrir stærstu flugeldasýningu heims var sett á manngerðu eyjunum Palm Jumeirah og World Islands í Dúbaí. Um áramótin 2014 voru rúmlega 479 þúsund sprengjur sprengdar á aðeins sex mínútum, sem gera yfir þúsund sprengjur á sekúndu. Upplifunin hefur verið stórfengleg og líklega hefur verið best að njóta sjónarspilsins í þyrli.

Pétursborg

Skarlatsrauðu seglin kallast viðburður í Pétursborg í Rússlandi en hann er hluti af sumarahátíð þar í borg sem kallast White Nights eða hvítar nætur. Flugeldar, tónleikar og vatnasýning eru stór hluti af viðburðinum sem milljónir sækja heim árlega. Þessi hefð hófst við lok heimsstyrjaldarinnar síðari árið 1945 þegar nokkrir skólar í Leníngrad sameinuðust um að ljúka skólaárinu með því að minnst sögunnar frægu um Skarlatsrauðu seglin eftir Alexander Grin. Einn af hápunktunum er þegar sænska skipið Kronor siglir upp Neva-ána með skarlatsrauðu seglin þanin.



Montreal

Árlega er haldin flugeldakeppni í Montreal í Kanada sem kallast the Montreal International Fireworks Competition. Hún er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum. Fyrirtæki hvaðanæva úr heiminum taka þátt og sýna það allra besta og nýjasta úr heimi flugelda í hálf tíma sýningu. Sigurvegarinn hlýtur Jupiter-verðlaunin.



Sydney

Áramótin ganga einna fyrst í garð í Sydney í Ástralíu og af því tilefni er haldin flugeldasýning sem á fáa sína líka. Milljónir manna fylgjast með flugeldunum sem skotið er frá höfninni og brúnni við Óperuhúsið frága.

TUDOR rafgeymar

Er snjósleðinn tilbúinn fyrir vetrarkuldann?

Veldu öruggt start með TUDOR



Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorrí.is



Louisville

Prumur yfir Louisville eða Thunder Over Louisville kallast opunarhátíð Kentucky Derby hátíðarinnar sem haldin er í Louisville í Kentucky í Bandaríkjunum. Talið er notuð séu um sextíu tonn af flugeldum í sýningunni sem skotið er upp í 28 mínútur.



Burj Khalifa

Burj Khalifa í Dúbaí er hæsta bygging heims, 829,8 metrar að hæð. Við opnun skýjakljúfsins var haldin hreint mögnuð flugeldasýning þar sem flugeldum var skotið af öllum hæðum hússins. Á hvert er haldin óviðjafnanleg flugeldasýning við Burj Khalifa um áramót.

OPEL ATVINNUBÍLAR

ÁRAMÓTA SPRENGJA!

Nýttu þér skattalegt hagræði ársins
sem er að líða

Nokkrir sendi- og hópferðabílar
á dúndur afslætti



Afsláttur
631.000 kr.

Vivaro - sendibíll (L2H1)

Sætisfjöldi: 3 manna
Vél: 1.6L dísel
Gírskipting: Beinskiptur 6 gíra
Burðargeta: 1.280
Rúmtak: 1598
Hestöfl: 115
Tog: 300 við 1750sn
Eyðsla: 6,5
Verð: 4.090.000 kr.
Tilboðsverð: 3.459.000 kr.

Tilb.verð án vsk. aðeins:
2.780.000 kr.




Afsláttur
1.000.000 kr.

Movano (L1H1)

9 manna
2.3L dísel
Beinskiptur 6 gíra
838
2298
145
350
6,6 - 6,3
6.390.000 kr.
5.390.000 kr.

Tilb.verð án vsk. aðeins:
4.347.000 kr.



Afsláttur
1.200.000 kr.

Movano hópferðabíll (L3H2)

17 manna
2.3L dísel
Beinskiptur 6 gíra
1.302
2298
145
350
7,8 - 8,0
7.790.000 kr.
6.590.000 kr.

Tilb.verð án vsk. aðeins:
5.314.000 kr.

Bíll með fyrirvara um mynd- og textabreytingu



THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér Opel atvinnubíla á opel.is eða hafðu samband við sölumann í síma eða á opel@opel.is og fáðu nánari upplýsingar

Sýningarsalir:
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330

Bílahúð
Benna

Litir og lúxus á nýju ári

Heimilið stefnir í að verða gamaldags og rómantískt á næsta ári. Himinsængur, flauelstjöld og blómamynstur verða allsráðandi með þægindi og munað í fyrirrúmi.

Brynhildur
Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Djúpir sterkir litir

Djúpblár, sterkrauður og smaragdgrænn vilja komast úr eldhúsinu og dreifa sér um húsið. Reglan er 90% hvítt og 10% sterkir litir. Einlitar mottur, skrautmunir eða púðar á sterkum hvítum eða svörtum grunni er fallett og stílhreint og jafnvel sterklitur einn veggur í herbergi. Það eru alls konar litir í boði og betra ef það eru fleiri en einn litur í sama rými, passa bara að þeir séu þá allir sterkir, kóngablár og daufbleikur eru til dæmis ekki samrýmanlegir 2019.

Eldhús í stuði

Stílhreina eldhúsið er á undanhaldi og nú mega flisar og borðplötur vera mynstruð og almennt meira stuð og hreyfing í eldhúsinu.

Umhverfisvænt og handgert

Hlutir úr umhverfisvænum efnum eins og tré, pappír og leir verða æ meira áberandi á heimilum enda þarf fólk á jarðtengingu að halda.

Blómamynstur

Blómamynstur á mottum, púðum og veggfóðri verður inn, bæði stórt og smátt. Blómaveggir eða púðar og gardínur með blómamynstri.

Himinsængur

Á óvissutímum leitar fólk í huggun og öryggi. Himinsængur með fjórum stólpum og himni eru þau húsgögn sem komast næst því að veita slíka öryggisfinningu, nánast eins og opinn faðmur eða hellir til að hjúfra sig í.

Málblendir

Að blanda saman ólíkri málmáferð er tímalaus og klassísk leið til búa til jafnvægi og fallett yfirbragð í rýmið. Silfur og pjátur passar til dæmis vel við brons og dökkan kopar og brass, gull og aðrar gular málmáferðir fara vel við fægðan kopar og gamla járnáferð. Það borgar sig þó að fara varlega og smekklega í málminn.

Svart bað

Dökkir og gljáandi baðherbergisveggir og gólf vekja hughrif um dýrar heilsulindir og munað.



Kannski aðeins farið yfir strikið en þó má sjá margt sem verður vinsælt á árinu: Flauelshúsgögn, sterka liti, málmáferð og samstæða borðlampa. NORDICPHOTOS/GETTY



Sterklitur veggir, ljós gólf og gamaldags húsgögn úr grófum víði verða einnig ráðandi á næsta ári.

Með fallett dæmri lýsingu, góðu ilmkerfi í fallett krús og mjúkum handklæðum eruð þið komin með ykkar eigið spa.

Ljós viðargólf

Eftir nokkur ár af dökkum gólfum eru ljós gólfefni að verða vinsæl á ný, þökk sé vaxandi áherslu á opin og björt rými. Hvíttuð gólf eða parket úr ljóstri eik eða birki endurvarpa ljósi betur en dökki viðurinn og auðvelt er að breyta birtustiginu með gardinum, mottum eða lýsingu.

Þægindi

Mjúkar þykkan mottur og teppi og sófar sem enginn tímir að standa upp úr eru að koma og óþægilegt

en töff er á útleið. Svo einfalt er það. Og hver segir að mjúkt geti ekki verið töff?

Dúskar

Einu sinni leit út fyrir að dúskar heyrðu sögunni til en nú er öldin önnur. Hvert sem litið er má sjá dúska, hvort sem er á eyrnalokkum, hálsklútum, pilsföldum eða inni á heimilinu. Heimilisdúskarnir eru til dæmis á púðum og mottum, gardinum og á keðjum eða stakir til skrauts á vegg eða í lofti. Skemmtilegir litir, óvenjuleg lög mun sjá til

þess að dúskarnir eru komnir til að vera 2019.

1918

Áhrif frá heimilisbrag í upphafi 20. aldar eru einnig áberandi. Húsgögn með flauelsáferð, stórar, margarma ljósakrónur, stórir gamaldags lampar tveir saman og þung flauelsgluggatjöld eru áberandi og einnig má sjá þessara áhrifa gæta á baðherberginu, til dæmis með brons og látúnsblöndunartækjum og handlaugum og baðkerjum sem bera tímabilinu vitni.

BÍLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Mest lesna bílablað landsins kemur næst út þriðjudaginn 8. janúar næstkomandi.

Ritstjóri blaðsins er Finnur Thorlacius sem er bílaáhugamaður af lífi og sál.

Umsjón auglýsinga:

Atli Bergmann • atli@frettabladid.is • sími 512 5457



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Óskum viðskiptavinum okkar
og landsmönnum öllum farsældar
á nýju ári. Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.

Starfsfólk Eignamiðlunar



 **EIGNAMIÐLUN**
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

 **60**
ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



Náðu meiri árangri
í samningaviðræðum

Námskeið í samningatækni

 **HAGVANGUR**

hagvangur.is

Ráðgjafar okkar búa
yfir víðtækri þekkingu
á atvinnulífinu og
veita trausta og
persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta
einstaklinginn í starfið

Capacent_

capacent.is



Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is



Runólfur
Gunnlaugsson
lögg. fast.



Ásmundur
Skeggjason
lögg. fast.



Brynjar
Baldursson
sölufulltrúi



Jóhann Friðgeir
Valdimarsson
lögg. fast.



Kristinn
Tómasson
lögg. fast.

Nýárskveðja,
starfsfólk Höfða
fasteignasölu

Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum
gledilegs árs og farsældar á nýju ári.



Þökkum viðskiptin á árinu.

